


Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands



2001

Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

2001

Ljósmynd á forsíðu er af Geirsstaðakirkju í Hróarstungu.

Í forgrunni myndar má sjá torf- og steinhlaðið víkingaskip, sem hlaðið var af evrópskum vinnuhópi sumarið 2001, með skoska steinhleðslumanninn Donald Gunn í fararbroddi.

Ljósmyndina tók Donald Gunn sumarið 2001.

© Rannveig Þórhallsdóttir 2003
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2001
Skýrslur Minjasafns Austurlands XIII
ISBN 9979-9576-1-1

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
OPNUNARTÍMI SAFNSINS	4
STARFSMANNAHALD	4
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR	5
VETRARSTARFSEMI	6
<i>SAFNAKENNSLA</i>	6
<i>HEIMSÓKNIR</i>	6
LIFANDI STARFSEMI SAFNAHÚSSINS	7
<i>SUMAROPNUN</i>	7
<i>SUMARSÝNINGAR</i>	8
<i>Á SLÓÐUM HEIÐARBÝLANNA</i>	8
ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS	9
<i>MENNINGARDAGUR SAFNAHÚSSINS</i>	9
<i>ÁRMANNSVAKA</i>	9
<i>SAFNADAGURINN</i>	9
<i>FARSKÓLI SAFNMANNA</i>	9
<i>NORRÆNN SKJALADAGUR</i>	10
<i>KAFFISÝNING OG DRAUGAVAKA</i>	10
<i>BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI</i>	10
GESTAFJÖLDI	11
FORNLEIFARANNSÓKN	11
EVROPUSAMSTARF	13
STJÓRNARSTÖRF	15
SAFNAUKI	16
INNLÁN – ÚTLÁN	17
STYRK TARADILAR	17
LOKAORÐ	18

INNGANGUR

Á Minjasafni Austurlands urðu miklar breytingar á árinu 2001. Starfsfólk sem unnið hafði við safnið um árabíl leitaði á ný mið og annað fólk tók við.

Það sem ber hæst á árinu voru verklok í byggingu Geirsstaðakirkju, enda hafði verið unnið við verkefnið nær sleitulaust í fjögur ár. Annar stór viðburður á árinu var opnun heimasíðu safnsins, sem hafði verið í undirbúningi í nokkurn tíma, en slóðin *www.minjasafn.is* var opnuð 31. maí. Hönnuður hennar var Jóhann Ísberg. Einnig var texti í aðalsýningarsal þýddur á ensku af Lily Winter, bandarískri konu sem bauð fram vinnu sína í skiptum fyrir húsnæði og fæði. Staðið hafði til í nokkur ár að gera texta í sýningarsal fyrir erlenda gesti, en safnið hafði áður boðið upp á ljósritaðan safnvísi á ensku og þýsku.

OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Fyrstu fjóra mánuði ársins var Minjasafn Austurlands opið eftir hádegi þrjá daga vikunnar. Frá aprílbyrjun voru sýningar opnar eftir hádegi alla virka daga, auk þess sem opið var á skrifstofa safnsins og fyrir móttöku gripa á skrifstofutíma.

Yfir sumartímamann voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga, nema mánudaga. Kaffisalan og krambúðin var opin á opnunartíma sýningarsalar og síðasti opnunardagur sumarsins var 31. ágúst.

STARFSMANNAHALD


Árið var viðburðaríkt með tilliti til starfsmannahalds og launaliðurinn því talsvert hærri en árin á undan. Jóhanna Bergmann, fyrrverandi safnstjóri, fékk greitt fæðingarorlof fyrstu fjóra mánuði ársins, en hún hætti sem safnstjóri árið 2000. Jóhanna starfaði í tæp tvö ár við safnið og eru henni þökkuð vel unnin störf.

Pétur Þór Sörenson sagði starfi sínu lausu sem safnvörður í mars og hætti vinnu við safnið í aprílbyrjun. Í hans stað var ráðinn Skúli Magnússon og hóf hann störf í maímánuði. Starfshlutfall Skúla var 50% eins og Péturs og starfsvið skráning og forvarsla safngripa sem og viðhald húsa í vörslu safnsins. Lára Guðlaug Jónasdóttir sinnti sumarafgreiðslu í 100% starfi og sá um móttöku gesta, kaffiafgreiðslu og leiðsögn um safnið. Steinunn Kristjánsdóttir sinnti starfi safnstjóra í 50% stöðu fyrstu fjóra mánuði ársins. Steinunn hætti störfum sem safnstjóri í lok apríl og tók Rannveig Þórhallsdóttir við starfi hennar í aprílbyrjun. Var ákveðið að Steinunn myndi sem fyrr vera yfir fornleifasviði safnsins og Minjasafn Austurlands gerðist aðili að þeim rannsóknum sem ráðgert var að hefja að Skriðuklaustri sumarið 2002. Steinunn hefur mótað starf Minjasafnsins frá 1995 og hefur hún meðal annars stjórnað þeim fornleifauppgröftum sem hafa skapað nafn safnsins síðustu sex árin. Má þar nefna uppgröftinn á Þórisárkumlinu, sem og að Geirsstöðum í Hróarstungu og Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Eru Steinunni þökkuð vel unnin störf við Minjasafn Austurlands og óskað velfarnaðar í framtíðarverkefnum. Starfssvið safnstjóra er mjög víðfeðmt. Spannar það umsjón með fjárreiðum og bókhaldi safnsins,

safnkennslu og fræðslu, sýninga á munum, ársskýrslu-, texta- og auglýsingagerð og stjórn Evrópuverkefna. Á hverju ári eru sendar út tugir umsókna í sjóði og liggur mikil hugmyndavinna og fjárhagsáætlanagerð í hverri og einni umsókn. Fæstar umsóknir fá þó styrk, en vert er að gefa gaum að þeirri vinnu sem lagt er í umsóknargerð á safninu. Greinarskrif í Múlaþing og Gletting hafa í gegnum tíðina einnig verið hluti af starfssviði safnstjóra, enda er safninu hagur af því að kynna starfsemi sína með víðtækustum hætti og gera rannsóknir og niðurstöður þeirra aðgengilegar almenningi.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR

Rekstrarkostnaður húsnæðis var svipaður og árið á undan, eins og sést á súluritinu hér fyrir neðan. Enn sem fyrr fór mikill kostnaður í hita- og loftræstikerfi Safnahússins¹ en kostnaður vegna þessa virðist hins vegar kominn í jafnvægi á milli ára. Rekstur fasteignar stóðst nokkurn veginn fjárhagsáætlun safnsins, enda hafði hár rekstrarkostnaður ársins á undan gefið tóninn varðandi áframhaldandi kostnað við rekstur.



Talsvert bar á leka meðfram gluggum framan við geymslur safnsins á neðri hæð, en brýnt er að setja þar hurð ætlaða til safngripamóttöku. Í hurðaropinunni er bráðabirgðarplata, sem veldur því að hitastigið í aukasýningarsal safnsins er oft og tíðum undir æskilegum mörkum. Nauðsynlegt er að ráða bót á hurðarleysinu í nágrenni framtíð. Einnig er vert að minna á að ekki hefur enn verið lokið við núverandi byggingaráfanga Safnahússins, en einungis hefur verið lokið við einn þriðja af upphaflegri áætlun. Margar framkvæmdir hafa setið á hakanum í húsinu síðustu ár, til að mynda hefur ekki enn verið lokið við frágang eldvarnarhurða og er brunavarnabúnaður við hurðir í kjallara ónýtur vegna leka. Gert er ráð fyrir rofum í gólfi sem eiga að loka hurðum sjálfkrafa í eldsvoða, sem eru ekki til staðar. Þéttikantar sem áttu að varna reykskemmdum hafa aldrei verið settir í hurðarop, engar svalir eru á miðhæð eins og ráð var fyrir gert, heldur aðeins hurð sem opnast út í loftið. Aðgengi fatlaðra að húsinu er til skammar því engin lyfta er í húsinu. Gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir af hálfu fulltrúa samtaka fatlaðra vegna slæms aðgengis og ófrágenginn grunnur veldur leka í geymslu, auk þess starfsmannaáðstaða er engin. Úr þessu verður að bæta, en því miður hefur byggingarnefnd Safnahússins ekki verið virk í nokkurn tíma. Forstöðumenn stofnana í safnahúsinu skrifuðu Héraðsnefnd Múlasýsla bréf þann 29. ágúst þar sem ýtt var á eftir því að byggingarnefndin yrði gerð virk, vegna ólokans uppgjors vegna safnahússins. Beðið er eftir niðurstöðu í málinu og vonandi sjá aðildarsveitarfélög safnsins sér í hag að bæta úr húsnæðismálum safnsins.

¹ Málið er rakið ítarlega í ársskýrslu Minjasafns Austurlands 2000.

Minjasafn Austurlands hlaut ríkisstyrk á árinu til að setja upp litaðar filmur í sýningarsal, ætlaðar til að verja safngripi gegn útfjólubláum geislum sólar. Sá Dúkás ehf. um framkvæmd verkefnisins í júní og júlí. Aðeins helmingi verksins var lokið fyrir þann styrk sem fékkst frá ríkinu og var ákveðið að sækja um viðbótarstyrk til næsta ári til að ljúka verkinu.

VETRARSTARFSEMI

SAFNAKENNSLA

Samvinna við skólanna var með ágætum á árinu. Heildarfjöldi nemenda sem heimsóttu safnið við verkefna- eða vettvangsvinnu voru 427 og hefur aðsókn skólahópa því aukist um 23%² á milli ára. Metaðsókn skólabarna er engu að síður frá árinu 1999, en þá rituðu 763 nemendur og kennarar nafn sitt í gestabók safnsins.

Samstarf við skólahópa af öllum stigum hefur ótvíræða kosti fyrir safnið. Hægt er að tengja starfsemi safnsins við marga ólíka þætti og námsskrár skóla. Í íslensku og sögu eru nærtækustu tengingar skóla við safnið. Þar tengjast saman viðfangsefni eins og landnám Íslands, búseta, lifnaðarhættir, skólastarf, lækningaradferðir, húsakostur, útskurður í tré og bein, textíll, trúarbrögð frá upphafi Íslandsbyggðar, sjálfsþurftarþúskapur og ýmislegt annað sem hægt er að heimfæra á þá hluti sem varðveittir eru á safninu. Fleiri tengingar við skólastarf eru mögulegar, til dæmis við myndlistarkennslu í grunn- og framhaldsskólum. Ungu fólkið geymir fjöregg þjóðarinnar og getur skemmtileg heimsókn á safnið kveikt þann neista sem ungu fólkið þarfnast til að vilja fræðast meira um land og þjóð.

Nokkrar sýningar voru settar upp á árinu í tengslum við áfanga í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Þann 17. september settu Eva Óladóttir og Steinrún Ótta Stefánsdóttir, nemendur á Listabraut M.E., upp sýninguna *París um aldamótin*. Þann 25. október var síðan haldið *Ítalskt menningarkvöld*, viðfangsefnið var *Ítalía á endurreisnartímabilinu*. Verkefnið byggðist á samvinnu sögunemenda hjá Birni Gísla Erlingssyni og listnemenda Ólafar Bjarkar Bragadóttur.

Í desember var einstaklega góð aðsókn skólabarna. Alls komu sautján hópar frá öllum deildum leikskólans Tjarnarlands og lesnar voru jólasögur við kertaljós í baðstofunni. Sá Skúli Magnússon safnvörður að mestu leyti um að taka á móti skólahópum í desember.

HEIMSÓKNIR

Eitt af fyrstu verkum nýs safnstjóra var að taka á móti Helga Halldórssyni, fyrrverandi skóla- og bæjarstjóra, í tilefni af fimmtugsafmæli kappans. Vinir Helga komu föstudagskvöldið 27. apríl með afmælisbarnið á safnið, skáluðu í kampavíni og héldu ræður. Var tilgangurinn að gefa safninu "gjafir" sem tengdust merkisatburðum í lífi Helga. Vart þarf að geta þess að gjöfunum var skilað daginn eftir með þeim orðum að Helgi væri ekki nándar nærri orðinn nógu gamall, - mætti hann koma með gripina aftur eftir þrjátíu ár.

Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, hélt stuttan fund með forstöðumönnum safnanna þriggja í Safnahúsinu á Egilsstöðum og fulltrúum menningarmálanefndar

² Á árinu 2000 sóttu 363 nemendur safnið heim, samkvæmt gestabók.

Austur-Héraðs þann 13 júlí. Farið var yfir stöðu mála varðandi menningarhús og rétt um þá starfsemi sem unnin er í safnahúsinu við þróngan húsakost. Voru vonir forstöðumanna bundnar við að lokið yrði við byggingu safnahússins og stofnað menningarhús sem möguleiki var á að myndi rísa á Austur-Héraði. Ljóst er að þó er enn langt í land varðandi undirbúningsvinnu og ákvarðanatöku í þeim efnum.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, sótti safnið heim þann 31. júlí á leið sinni um landið. Ennfremur skoðaði biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, Geirsstaðakirkju um verslunarmannahelgina, en biskup var staddur á svæðinu vegna hundrað ára afmælis Kirkjubæjarkirkju í Tungu.

LIFANDI STARFSEMI SAFNAHÚSSINS

SUMAROPNUN

Sýningarsalur safnsins var opnaður formlega fyrir sumarið sunnudaginn 20. maí með stuttum tónleikum langafabarns Stefáns G. Stefánssonar, Bill Bourne að nafni. Bill kom til landsins fyrir tilstuðlan Viðars Hreinssonar, sagnfræðings hjá *Reykjavíkurakademíunni*, sem hafði verið að rannsaka sögu Stefáns G. Stefánssonar. Ólafur Þórðarson hjá *Þúsund Þjöllum* starfaði sem umboðsmaður Bills og sá um skipulagningu tónleikaferða trúbadorsins um landið. Bill Bourne og kona hans, Tanja Bourne, fóru með starfsfólki safnsins í skoðunarferð um Fljótsdalinn, trjásafnið að Hallormsstað var skoðað og Gunnarsstofnun að Skriðuklaustri sótt heim. Á sunnudeginum lék Bill fyrir fullu húsi af gestum á stuttum tónleikum í aðalsýningarsal Minjasafns Austurlands. Tókust tónleikarnir vel og rituðu um fimmtíu manns nafn sitt í gestabókina. Má geta þess að Bill Bourne hélt tónleika víðsvegar um landið og fékk góðar undirtektir, kom fram í útvarpi og sjónvarpi og spilaði með landsþekktum trúbaborum, s.s. K.K. Minjasafnið var með geisladiska frá Bill til sölu sem seldust upp á skömmum tíma.



Bill og Tanja Bourne í Skógrækt Ríkisins að Hallormsstað

Sumaropnun var undirbúin á hefðbundinn hátt. Minjasafn Austurlands hefur aðeins leyfi til sölu á einföldum veitingum, samkvæmt bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands frá 1998. Minjasafnið getur því selt kaffi, te, kleinur, ástarpunga eða annað þurrk kaffibrauð, innpakkað sælgæti og safa. Leitað var til Jónínu Sigríðar Elíasdóttur um bakstur á ástarpungum sem seldir voru í kaffiafgreiðslu safnsins sumarið 2001 og gekk salan ágætlega. Má segja að kaffisalan sé í bráðabirgðaraðstöðu, en í teikningum hússins hafði verið gert ráð fyrir veitingarsal í opnu rými hússins í miðhluta hússins,

sem er óbyggður enn. Á meðan byggingu hússins er slegið á frest hamlar pláss- og aðstöðuleysi margskonar starfsemi hússins, svo sem metnaðarfullri kaffi- og veitingarsölu.

SUMARSÝNINGAR

Landsmót U.M.F.Í. var haldið á Egilsstöðum helgina 13-15 júlí og miklar vonir bundnar við góða aðsókn landsmótsgesta í Safnahúsið. Í tilefni af því var sett upp íþróttasýningin "*Vormenn Íslands*" í safnahúsinu á Egilsstöðum og opnunartími lengdur þá daga sem landsmótið stóð yfir. Einnig var sett upp sýning á borðbúnaði í tilefni af uppdekkunarkeppni þjóna, sem haldin var í Valaskjálfi landsmótshelgina. Stefanía Steinþórsdóttir aðstoðaði við uppsetningu sýningarinnar og kann safnið henni góðar þakkir fyrir. Um landsmótshelgina sóttu um fjörutíu gestir safnið heim. Var það talsvert minni aðsókn en gert hafði verið ráð fyrir.

Á SLÓÐUM HEIÐARBÝLANNA

Minjasafn Austurlands stóð fyrir dagsferð um Jökuldalsheiði laugardaginn 18. ágúst og var leiðsögumaður Páll Pálsson frá Aðalbóli. Var ætlunin að skoða og skýra frá gömlu heiðarbýlunum á Jökuldal, en líf heiðarbýlinga var gert ógleymanlegt í *Sjálfstæðu Fólki* Halldórs Laxness. Um miðja nítjándu öld var hvert kot á láglandinu þéttsetið og leitaði fólk inn á hálendi landsins til að eignast sitt eigið "sjálfstæða" býli. Reyndist líf fólksins á heiðarbýlunum hálfgerð harmsaga. Þrátt fyrir góða silungsveiði á sumrin og fagurt umhverfi reyndust ókostirnir vera fleiri þegar vetra tók, byggðin var strjál og vetrarríki mikið. Húsakynni voru léleg, erfitt að afla byggingarefnis og fæði af skornum skammti yfir veturinn. Byggðin hófst um 1840-1860 og leið að mestu undir lok með Öskjugosinu árið 1875.³

Mikill áhugi hefur verið síðustu misseri á heiðarbýlunum og var fljótlega fullbókað í ferðina með þátttöku sjötíu manns. Í ferðinni sagði Páll frá lífi, gleði og sorgum ábúendanna á hinni strjálbýlu heiði. Auðvelt var á fögrum sumardegum að gera sér í hugarlund sæluna sem fylgdi því að búa sínu frjálssa búi, á víðsýnni heiðinni. Eins erfitt hefur verið að heyja lífsbaráttuna á erfiðum vetri. Húsvitjað var á Ármótarseli, Lindarseli, Háreksstöðum, Rangalóni, Sænautaseli, Netseli (Grunnavatni) og Heiðarseli. Keyrt var í gegnum Möðrudal, snætt í Fjallakaffi og eftir það haldið í Skessugarð og Eiríksstaðakirkju. Ferðin var einstaklega ánægjuleg, fróðleg og skemmtileg og er Páli þökkuð frábær leiðsögn.

³ Agnar Hallgrímsson. "Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess". Múlaþing - Rit Sögufélags Austurlands, 5. hefti 1970. Bls. 42.

ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS

MENNINGARDAGUR SAFNAHÚSSINS

Forstöðumenn safnanna þriggja í Safnahúsinu á Egilsstöðum héldu áfram samstarfi sínu um viðburði í húsinu. Sunnudaginn 1. apríl var opið hús í Safnahúsinu og haldinn menningardagur hússins. Sigmarsstofa var opnuð á Hérasskjalasafninu og einnig var opnuð sýning eldri borgara á Egilsstöðum á handverki, þar sem sjá mátti gamalt handbragð tengt útskurði, silfursmíði og útsaumi ýmiskonar. Kór eldri borgara söng á opnun sýningarinnar undir stjórn Kristjáns Gissurarsonar. Um annað hundrað manns sótti Safnahúsið heim á menningardaginn, sem er óvenju góð aðsókn.

ÁRMANNSSVAKA

Þriðjudaginn 8. maí var haldin kvöldvaka í Safnahúsinu, tileinkuð Ármanni Halldórssyni, fyrrverandi kennara á Eiðum og héraðsskjalaverði, og konu hans Ingibjörgu Kristmundsdóttur. Þau hjón áttu bæði merkisafmæli þennan dag, var Ármann 85 ára og Ingibjörg 75 ára. Lesið var úr verkum Ármanns og tónlistaratriði flutt af nemendum í Tónskólanum á Egilsstöðum. Að kvöldvökunni stóðu, að auki, Menntaskólinn á Egilsstöðum og bæjarstjórn Austur-Héraðs. Ekki má heldur gleyma fjölmörgum vinum og ættingjum Ármanns og Ingu sem lögðu hönd á plóg. Í samvinnu við Rafeind á Egilsstöðum var boðið upp á þá nýbreytni að sýna dagskrána í sjónvarpi samtímis á nokkrum stöðum í húsinu. Tókst sjónvarpssendingin vel og skapar vonandi fleiri möguleika á nýtingu hússins í framtíðinni.

SAFNADAGURINN

Þann 8. júlí var íslenski safnadagurinn haldinn hátíðlegur og starfsemi safnsins kynnt gestum og gangandi. Ókeypis aðgangur var á safnið þennan dag og sá Íslandsdeild ICOM um að auglýsa viðburði og sýningar á söfnum landsins. Á söfnum víðsvegar um landið hefur myndast hefð fyrir lifandi viðburðum á þessum degi, en vegna anna safnstjóra varðandi C.A.P.P. vinnuhópin, sem vann við að leggja síðustu hönd á frágang Geirsstaðakirkju, var látið nægja að vekja athygli á þeirri starfsemi og sýningum sem stóðu yfir á safninu.

FARSKÓLI SAFNMANNA

Dagana 12.-14. september sótti safnstjóri farskóla Félags íslenskra safnmanna sem haldinn var á Húsavík. Á farskólanum hittist safnafólk til að hlýða á fyrirlestra og bera saman bækur sínar. Samstarfsvettvangur sem þessi er nauðsynlegur fyrir faglega vitund safnafólks og til að tengja fólk saman sem starfar í safnageiranum. Meginþema farskólans að þessu sinni var "einyrkinn" og meðal fyrirlesara voru Þórgnýr Dýrfjörð, Þór Magnússon, Orri Vésteinsson, Gísli Sverrir Árnason, Jón Björnsson, Sigurjón Baldur Hafstein og Margrét Hallgrímsdóttir. Farið var í skoðunarferðir um Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Snartarstaði, Ásbyrgi, Mánárbakka, Húsavíkurkirkju, Hvalamiðstöðina, safnið að Ystafelli, Laxárvirkjun og Grenjaðarstað. Var Farskólinn vel heppnuð samkoma í alla staði og til sóma fyrir skipuleggjendur. Til gamans má geta þess að sonur safnstjóra, sem hafði verið með í för og fengið inni á leikskóla Húsavíkur

í nokkra daga, fékk gæsakló í verðlaun fyrir að vera yngsti meðlimur Farskólans til þessa.

NORRÆNN SKJALADAGUR

Þann 10. nóvember stóðu söfnin í safnahúsinu fyrir dagskrá tileinkaðri ástinni, í tilefni af norrænum skjaladegi. Sett var upp sýning á Héraðsskjalasafni Austfirðinga sem innihélt meðal annars kafla úr ástarbréfum, myndum sem endurspegluðu ást af ýmsu tagi og bókum sem fjölluðu um ást. Í sýningarsal Minjasafns Austurlands var sett upp sýning með gripum Guðrúnar Magnúsdóttur, sem varð úti á jólunum 1879 á milli Fjallsels í Fellum og Hnefilsdal í Jökuldal. Nánar verður sagt frá Guðrúnu Magnúsdóttur heitinni seinna í skýrslunni.

KAFFISÝNING OG DRAUGAVAKA

Í október var sett upp sýning á efstu hæð til heiðurs kaffis, "hins íslenska þjóðardrykks". Á sýningunni mátti sjá ýmsa gripi tengda kaffidrykkju, sem og vísur og ljóð til heiðurs þessa merka drykkjar.

Fimmtudaginn 22. nóvember var haldin *Draugavaka* í Safnahúsinu, þar sem góðkunnir Héraðsbúar sögðu austfirskar drauga- og örlagasögur við kertaljós, en dagskráin var hluti af "*Dögum Myrkurs*". Lesnar voru draugasögur, leikin voru draugaleikrit, kveðnar rímur og fleira. Fram komu: Páll Pálsson frá Aðalbóli, Arndís Þorvaldsdóttir, Sigurður Ingólfsson, Skúli Magnússon, Hallveig Guðjónsdóttir, Hildigunnur Valdimarsdóttir, Vilhjálmur Einarsson, Helga Björg Jónsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir og nemendur í M.E. sem leiklásu gamla draugasögu. Um fimmtíu manns mættu á draugavökuna sem mæltist vel fyrir.

BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI

Bókavaka Safnahússins var haldin föstudaginn 7. desember, í samstarfi við Hornfirðinga og Djúpavogsbúa. Að venju voru jólabækurnar kynntar og boðið upp á kaffi og piparkökur. Fram komu rithöfundarnir Jóhanna Kristjónsdóttir, Gylfi Gröndal, Björn Ingi Hrafnsson og Guðjón Sveinsson. Bækur austfirsakra rithöfunda voru kynntar og lesið upp í Búlandstindi hf. á Djúpavogi. Bókavakan var styrkt af Menningarsjóði KHB, Eddu Miðlun og útgáfu og JPV útgáfu.




Jólatré í sýningarsal safnsins.


Hin árlega jólagleði var föstudaginn 14. desember. Ármann Einarsson og sönghópur hans sá um tónlist og boðið var upp á kakó og lummur. Sett var upp sýning á jólakortum og gamaldags jólatré var skreytt með sortulyngi og mosa í aðalsýningarsal safnsins. Um þrjátíu manns rituðu nafn sitt í gestabók safnsins þennan dag og skemmtu gestir sér konungslega við dans og söng í kringum sortulyngskreytt jólatré.

GESTAFJÖLDI

Á árinu 2001 rituðu 2.063 nafn sitt í gestabók safnsins. Eru það 21% fleiri gestir en árið 2000.⁴



Af heildar gestafjölda teljast 937 Íslendingar (45%), 226 börn ein eða í fylgd með fullorðnum (11%), 427 gestir með skólahópum (21%) og 473 erlendir gestir (23%).



Aðsókn safngesta, mánaðarleg dreifing 2001.

Íslendingar eru langstærsti hluti þeirra sem sækja safnið heim og því stærsti markhópur safnsins. Tilvalið væri að skipuleggja þjóðlega sumardagskrá, sérstaklega með Íslendinga í huga og er stefnt að því að koma slíkri dagskrá af stað næsta sumar. Börn, bæði með fullorðnum og skólahópum eru 31% af gestum. Af fjölda þeirra barna sem sækja safnið heim er ljóst að laga verður sýningar safnsins að yngsta hópnum og koma upp "snertihorni", þar sem geymdir verða hlutir sem börnin mega leika sér með.

FORNLEIFARANNSÓKN

Undirbúningur fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri e. Steinunni Kristjánsdóttur

Vinnu við undirbúning Skriðuklaustursrannsókna var haldið áfram árið 2001 en undirbúningurinn hafði þá staðið yfir síðan sumarið 2000 þegar forkönnun fór fram á staðnum. Í undirbúningsnefndinni sátu árið 2001 Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar, Guðný Zoëga minjavörður Austurlands, Rannveig Þórhallsdóttir nýráðinn safnstjóri Minjasafns Austurlands og Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur og fráfarandi safnstjóri Minjasafnsins.

Markmiðið með fyrirhugaðri fornleifarannsókn á Skriðuklaustri var að rannsaka með uppgreftri gerð og uppbyggingu klausturhúsa á staðnum og varpa þannig ljósi á klausturhald þar á miðöldum. Markmiðið var einnig að bera þær niðurstöður, sem fram

⁴ Árið 2000 rituðu 1.571 gestir nafn sitt í gestabók safnsins, en árið 1996 voru gestir safnsins 4.555 talsins.

myndu koma saman við sambærilegar rannsóknir í nágrannalöndum Íslands. Einnig var ætlunin að skapa þverfaglegan grunn fyrir úrvinnslu gagna frá fornleifarannsókninni og að tengja niðurstöður hennar við rannsóknir sem hafa verið gerðar á miðaldaklaustrum innan annarra fræðigreina en fornleifafræði, hérlendis sem erlendis. Ein helsta rannsóknarspurning Skriðuklaustursrannsóknarinnar var hvort Íslendingar hafi byggt klaustur sín að eigin fyrirmynd, þ.e. hvort klaustrin hafi verið byggð eins og veraldlegar byggingar, eða hvort þau hafi verið byggð að erlendri fyrirmynd, samkvæmt ströngustu reglum um helgihald í evrópskum klaustrum. Ef svar fengist við þessari helstu rannsóknarspurningu verkefnisins væru fyrst fengnar forsendur til þess að spyrja frekari spurninga um klausturhald á Skriðuklaustri, sem og á öðrum slíkum stöðum hérlendis. Þá væri einnig unnt að leita eftir samanburðarefni utanlands sem innanlands, varðandi klausturhald á miðöldum.

Undirbúningsnefndin stefnir að uppgrefti á rústum klaustursins á Skriðu um tveggja mánaða skeið sumar hvert tímabilið 2002-2007. Helsta verkefni undirbúningsnefndarinnar árið 2001 var að afla fjármagns til uppgraftrarins og rannsóknarinnar allrar en stefnt var að því að unnið yrði árið um kring við verkefnið, þ.e. uppgröft á sumrin og úrvinnslu á veturna. Undirbúningsnefndin ákvað að setja saman viðamikla gagnamöppu um Skriðuklaustur í fortíð, nútíð og framtíð, sem nota mætti til að kynna verkefnið og auðvelda þannig fjáröflun til þess. Mappan kom út í 10 eintökum vorið 2001 en í hana var safnað eftirtöldum greinum og gögnum um Skriðuklaustur: Heimildakönnun Helga Hallgrímssonar, erindi Skúli Björns Gunnarssonar um klausturlíf sem flutt var á menningarminjadegi, skýrslu Steinunnar Kristjánsdóttur um forkönnun sumarsins 2000, B.S.-ritgerð Ingibjargar Jónsdóttur í landfræði um nýtingu fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri til ferðapjónustu, skýrslu Friðriku Marteinsdóttur um jarðsjármælingar á staðnum, fjárhagsáætlun fyrir 5 ára rannsókn á Skriðu ásamt greinargerð um fyrirhugaða fornleifarannsókn, auk mynda af staðháttum á geisladiski. Biskupum kaþólsku kirkjunnar og þjóðkirkjunnar voru færðar möppur, sem og Halldóri Blöndal forseta Alþingis. Þingmönnum Austurlands var jafnframt sent bréf til upplýsingar um áform um fornleifarannsókn á Skriðuklaustri.

Undirbúningsnefnd fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri stofnaði síðan félagið Skriðuklaustursrannsóknir þann 18. september 2001 en félaginu var ætlað að vera ábyrgðaraðili verkefnisins. Í stjórn þess sitja Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, og Rannveig Þórhallsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Austurlands. Ákveðið var að stjórn Skriðuklaustursrannsóknna sæi um framkvæmd rannsóknarinnar en daglegur rekstur yrði í höndum verkefnisstjóra, Steinunnar Kristjánsdóttur. Einnig var ákveðið að stækka stjórn félagsins og hugsanlega stofna hollvinasamtök þess í framhaldi af því ef af rannsókn yrði. Á árinu var sótt um styrki til Eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins, Rannsóknarráðs Íslands, Menningarráðs Austurlands, Nýsköpunarsjóð námsmanna, í Leonardo áætlun Evrópusambandsins og loks til Kristnihátíðarsjóðs sem þá var nýstofnaður, auk þess sem kannað var með hugsanlega styrktaraðila, fyrirtæki og stofnanir sem styrkt gætu verkefnið með vöru- eða fjárframlagi. Í lok ársins 2001 veitti svo Kristnihátíðarsjóður félaginu 7 milljónir króna til verkefnisins fyrir árið 2002 og miklar líkur eru á að slíkur styrkur verði veittur árlega næstu fimm árin til verkefnisins, því að valin hefðu verið úr þau verkefni sem yrðu styrkt á hverju ári. Einnig fékkst styrkur úr Leonardo áætluninni en styrkumsóknum var hafnað af öðrum sjóðum. Styrkur Kristnihátíðarsjóðs tryggði það að rannsóknir gætu hafist á Skriðuklaustri sumarið 2002 eins og vonir höfðu staðið til.

Margra ára vinna undirbúningsnefndarinnar hafði þar með skilað árangri og gamall draumur áhugamanna um uppgröft og rannsókn á munkaklaustrinu að Skriðu í Fljótsdal hafði ræst.

EVROPUSAMSTARF

Culturally Aligned Products and Processes

Á árinu hélt Minjasafns Austurlands áfram þátttöku í Evrópuverkefninu C.A.P.P. og 11. júní lögðu Rannveig Þórhallsdóttir, nýráðinn safnstjóri, og Steinunn Kristjánsdóttir, fráfarandi safnstjóri, af stað í ferð til Svíþjóðar og Finnlands, vegna vinnufundar í verkefninu. Rannveig og Steinunn dvöldu í tvo daga í Svíþjóð og héldu síðan ferð sinni áfram til Tampere til Finnlandi, þar sem dvalið var í fimm daga. Tilgangur fararinnar var að hitta aðra stjórnendur í evrópuverkefninu C.A.P.P., ræða um verkefnalok og möguleikum á áframhaldandi verkefni.

Í Finnlandi var dvalið í *Kuru*, sem er lítið þorp í útjaðri Tampere. Gestgjafar voru *Forestry College of Kuru* og var fundað, farið í skoðunarferðir og ekta finnskt sauna. Það er ekki hægt að segja annað en að dagskráin hafi verið fjölbreytt og áhugaverð, en meðal annars var keyrt um á skógræktardráttavélum og reynt við sýndarveruleikaskógarhögg. Tréiðnaðarfyrirtækiði *Keuruu* var sótt heim og framleiðsla þeirra úr við skoðuð, sem var meðal annars nafnspjöld úr tré, ker undir jarðneska ösku, stólar og fleira. Nokkur söfn í nágrenni Kuru voru sótt heim, þar á meðal náttúrugripasafnið *Seitsemien National Park*, sem var barnvænt og skemmtilega hannað. *Kovero safnið* var skoðað, þar sem handverk var sýnt á lifandi hátt. Farið var á *Akseli Gallen-Kallela* safnið í *Ruovesi*, sem var heimili myndlistarmannsins Akseli Kallela, en athygli okkar vakti að kona hans, sem var söngkona, hafði komið til Íslands og sungið á tónleikum á þriðja áratug síðustu aldar. Síðan var farið á *Serlakkus safnið*, einkasafn Serlakkusfjölskyldunnar, þar sem sjá mátti mörg þekktustu málverk Finnlands. Á kvöldin var keyrt lengst inn í skóginn í “kesámökki”, eða sumarhús við stöðuvatn. Þar var veitt, farið í sauna og setið við eldinn.

Þann 22. júní tók starfsfólk Minjasafns Austurlands á móti tólf manna vinnuhóp á vegum verkefnisins, en hópurinn dvaldi að Brúarási dagana 22. júní til 2. júlí og vann við að ljúka frágangi við Geirsstaðakirkju. Skúli Magnússon safnvörður, Hrönn Harðardóttir og Valgerður Snæbjarnardóttir tóku á móti alþjóðlega vinnuhópnum í Keflavík og buðu þeim upp á veislu í heimahúsi um kvöldið. Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri, undirbjó komu hópsins í Brúarásskóla. Skipst var á að elda matinn á hverju kvöldi og alþjóðlegir réttir framreiddir af meðlimum hópsins. Í vinnulotunni var unnið að margvíslegum verkefnum. Einn hópur vann við gerð mottu, sem unnin var úr þurrkuðum stráum, jurtum og ullarlagði. Annar hópur vann að gerð torf- og steinhleðslu víkingaskips-skúlptúrs fyrir framan túngarð Geirsstaða. Þriðji hópurinn vann að lokafrágangi og viðhaldi Geirsstaðakirkju. Lokið var við gerð torfveggisins sem umlykur Geirsstaði og skorinn út viðarkross til að setja á altari kirkjunnar.



Hin skoska tágagerðarkona, Georgia Crook, með ullar-og strá mottuna að Geirsstöðum.

Hópurinn samanstóð af sérmenntuðu fólki úr mörgum geirum og innihélt meðal annars: arkitekt, málmsmið, steinhleðslumann, tágagerðarkonu, leikskólakennara, tréútskurðarmeistara, ferðamálanema og "víkinga" frá víkingabúðum í Ribe í Danmörku. Hópurinn vann einnig að horn- og beinaútskurði í Listiðjunni Eik á Miðhúsum, sem og að gerð málm- og silfurhringja. Í lok dvalarinnar var kirkjan blessuð af Jóhönnu Sigmarsdóttur presti. Svandís Skúladóttir og Gunnar Guttormsson að Litla-Bakka í Hróarstungu höfðu vinnuhópin í fæði í hádeginu og sýndu þau einstaka gestrisni og hlýju. Hópurinn fór í skoðunarferð um Hérað, Seyðisfjörð og Borgarfjörð eystri og kynntist íslenskri menningu, náttúru og hefðum.



Vinnuhópurinn við Geirsstaðakirkju, sumarið 2001. Efst frá vinstri: Anders B. Thomsen, Martti Malinen, Georgia Crook, Anthony McNamee, Petri Leinonen, Donald Gunn, Mark Graham, Hrönn Harðardóttir, Peter Goddikssen. Neðst frá vinstri: Georgos Stamatakis, Valgerður Snæbjarnardóttir, Skúli Magnússon, Rannveig Þórhallsdóttir og Mairi Urquhart.

Lokaviðburður C.A.P.P. var dvöl allra þátttakenda í *Ribe Viking Center*, Lustrupholm í Danmörku, dagana 5-12 október. Íslensku þátttakendurnir voru: Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri, Skúli Magnússon, safnvörður, Valgerður Snæbjarnardóttir og Hrönn Harðardóttir. Unnið var við eldsmíði, útskurð, húsagerð, körfugerð, silfursmíði, leirmunagerð, grímugerð úr þæfðri ull og framleiðslu boga og örva - allt að hætti

víkings. Að lokum var gíst í skála við langeld og dvalið við söng, át og gleði fram á rauða nótt - að hætti víkings. Það er mjög sérstök upplifun að dvelja í Ribe Viking Center, þar sem fólk "býr" í "víkingarþorpi" og notar víkingaraldarklæðnað, - verklag og - fæði. Víkingabúðirnar eru setur, þar sem gestinum er gefinn kostur á að endurupplifa fortíðina. Gestir setursins upplifa með öllum skilningarvitum anda þess tíma er víkingar voru uppi; finna lyktina af matnum, heyrir eldsmiðsins að hamra járníð í sverðinu og smiðinn tálga örvarnar. Ribe Viking Center er byggt af fólki sem hefur gífurlegan áhuga á sögu Ribe og samvinna við fornleifafræðinga hefur gert það að verkum að hægt var endurskapa fortíðina að mörgu leyti. Á hverju vori er haldinn frægur víkingamarkaður í Ribe Viking Center, sem hefur hlotið athygli og viðurkenningu um allan heim. Dvölin í Ribe var einstaklega ánægjuleg, hún tengdi þátttakendur sterkum böndum og farið var heim á leið með nýja vitneskju og frjóar hugmyndir í farteskinu.



Skúli Magnússon safnvörður við eldsmíði í Ribe í Danmörku.

STJÓRNARSTÖRF

Í stjórn safnsins á árinu 2001 sátu Þórey Hannesdóttir formaður, Katrín Ásgrímsdóttir varaformaður, Magnús Þorsteinsson ritari, Hákon Aðalsteinsson og Björgvin Geirsson meðstjórnendur. Katrín Ásgrímsdóttir fór í fæðingarorlof í lok ársins og tók Helga Guðmundsdóttir sæti í stjórninni í hennar stað, fyrir hönd Austur-Héraðs.

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu. Helstu umfjöllunarefni á stjórnarfundum ársins voru starfslok þáverandi safnstjóra og uppsögn þáverandi safnvarðar, uppgjör við Jóhönnu Bergmann vegna fæðingarorlofs hennar, ráðningarmál nýráðins safnstjóra og safnvarðar, fornleifauppgröftur að Skriðuklaustri, Evrópuverkefnið C.A.P.P., fjárhagsáætlanir og framfylgni þeirra í fjórðungsuppgjörum, sem og skuldastaða safnsins og ársskýrsla. Stjórnin fjallaði einnig um stöðu byggingar hússins og bréfaskriftir til Héraðsnefndar Múlasýslu, þar sem farið var fram á að byggingarnefndin yrði gerð virk. Á fundum var meðal annars kynnt samstarf við Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra og lokaskýrsla starfshóps um Menningarhús á Egilsstöðum.

SAFNAUKI

Á árinu voru nýskráningar 71 talsins. Gefendunum Smára Matthíassyni, Önnu Þuríði Gísladóttur, Stefáni Bragasyni, Baldri Björnssyni, Jóni Gunnari Axelssyni, Ástu Geirsdóttur, Ágústu Ósk Jónsdóttur, Önnu Sólveigu Gunnarsdóttur, Gunnari Björnssyni, Austur-Héraði, Hönnu Aðalsteinsdóttur, Aðaldísi Pálsdóttur, Ellen Svövu Stefánsdóttur, Ragnhildi Gunnarsdóttur, Sesselíu Láru Ólafsdóttur Kjerúlf, Dagnýju Marínósdóttur og Guðmundi N. Sigurðssyni eru þakkaðar góðar gjafir til safnsins.

Herborg Magnúsdóttir færði safninu einnig að gjöf muni frá Sigmari Magnússyni, bónda í Döllum á Fáskrúðsfirði, en þess má geta að bókasafn Sigmars var á sama tíma gefið Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Páll Pálsson frá Aðalbóli færði safninu silungahrífu frá Jökuldalsheiði, sem ber vitni um sjálfsbjargarviðleytni Íslendinga. Silungahrífan fannst í Víðihólarétt á Jökuldalsheiði, er heimasíðuð og var notuð til veiða. Páll segir heyskaparfólk á Jökuldalsheiði hafa "rakað" upp silungi upp úr lækjum eða kílum á heiðinni. Er þetta forvitnilegur gripur og varðveitir hluta af sögu heiðarinnar.

Hver safngripur geymir sína sögu og er saga nokkurra safngripa sem rötuðu inn á safnið á árinu einstök. Sóknarnefnd Áskirkju í Fellum færði safninu muni úr eigu Guðrúnar nokkurrar Magnúsdóttur, sem hafði síðast verið til heimilis að Fjallsseli í Fellum. Guðrún varð úti á jólnum árið 1879, þegar hún var á leið að hitta unnusta sinn, Þorstein Jónsson, þáverandi vinnumann að Hnefilsdal í Jökuldal. Var hennar leitað lengi vel en bein hennar fundust ekki fyrr en árið 1916. Átti að færa jarðneskar leifar hennar í vígða gröf, en fundarstaður beinanna fyrndist og það var ekki fyrr en árið 1972 sem beinin fundust aftur. Sama ár var Guðrún Magnúsdóttir jarðsett að Ási í Fellum. Guðrún hafði verið með eigur sínar í ferð sinni til unnustans árið 1879, sem voru settar í geymslu í litlum kassa í kirkjuturni kirkjunnar að Ási. Kassinn með eignum Guðrúnar glataðist og fannst ekki aftur fyrr en framkvæmdir stóðu yfir í Áskirkju árið 2001. Sóknarnefnd Áskirkju brást skjótt við og færði safninu kassann, en hann innihélt leifar af fjögurra potta brennivínskút, sem Guðrún hafði ætlað að færa unnustanum í jólagjöf, kómmóðulykil og kistulykil, vasahníf, og broddstaf. Á fingri hafði hún borið trúlofunarhring. Undarleg var sú tilviljun að um sama leyti og safninu barst gjöfin frá Áskirkju kom Bragi Björgvinsson einnig færandi hendi með klæði Guðrúnar. Hann hafði verið á göngu á Fjallsselsvegi og fundið klæðin á þeim stað sem bein Guðrúnar höfðu fundist. Klæðin voru úr vaðmáli og hafa að öllum líkindum verið úr pilsí Guðrúnar. Bragi fann einnig svarta spotta, líkasta fínofnu neti, ef til vill úr sjali eða hárnети, en þó er það umdeilanlegt. Völundur Jóhannesson kom að fundarstað beinanna árið 1972 og tók eftir spottum sem lágu hjá beinum Guðrúnar og virtust vera margir metrar, snúnir eða heklaðir. Telur hann að Guðrún hafi verið í síðri svartri skikkju, sem var fest með böndum eða reipum. Völundur hreyfði ekki við spottunum og lágu þeir í leirblönduðum jarðvegi þar til Bragi fann klæði Guðrúnar árið 2001. Ekki verður úr því skorið hvort að spottarnir hafi verið úr sjali, hárnети eða skikkju, enda hafa þeir eyðst upp á þeim 122 árum sem þeir lágu í jörðinni. Einnig voru tvær tölur hjá fötunum, sem hafa líklega verið af pilsí Guðrúnar.



Myndina tók Völundur Jóhannesson árið 1972, þegar eigur Guðrúnar fundust á heiðinni. Á myndinni má sjá broddstaf í tveimur hlutum, hluta af brennivínskúti, vasahníf, kommódulykil og kistulykil. Trúlofunarhringurinn er vart greinanlegur, en Völundur segir hann hafa verið á myndinni. Hlutirnir liggja á loki kistunnar sem Völundur smíðaði undir jarðneskar leifar Guðrúnar Magnússdóttur. Í för með Völundi voru Sigfús Oddson, Staffelli og Jón Björnsson og Kjartan Sigurðson, Teigarseli.

INNLÁN – ÚTLÁN

Á árinu fékk Árni Bjarnason lánaða safngripi á árinu til viðgerða og kann safnið honum góðar þakkir fyrir. Gripir tengdir hreindýrum voru lánaðir á sýninguna *Hreindýr á Austurlandi*, sem opnuð var í ágúst að Skriðuklaustri. Einnig fékk Leikfélag Fljótsdalshéraðs lánaða gripi fyrir leiksýninguna *Maður og Kona*.

STYRK TARADILAR

Fjöldi góðs fólks styrkti starfssemi safnsins með margvíslegum hætti á árinu. Nokkrir aðstoðuðu við komu Bills Bourne til Egilsstaða. Jón Ásgrímsson sá um hljóðkerfi, Valaskjálfi borgaði auglýsingu á skjávarpinu og V.Í.K.A (Vinafélag Íslands og Kanada á Austurlandi) borgaði flugfar fyrir Bill og Tönju konu hans. Er þeim öllum þakkað sitt framlag. Kvenfélagið í Fellum gaf gamaldags bolla og meðdiska til notkunar í kaffiafgreiðslu safnsins. Valaskjálfi styrkti safnið á árinu með því að gefa borð og stóla til notkunar á safninu. Menningarsjóður KHB styrkti bókavöku Safnahússins og Ármann Einarsson og sönghópur hans gáfu vinnu sína við jólagleði Safnahússins. Einnig lánaði Norður-Hérað Brúarásskóla endurgjaldslaust fyrir C.A.P.P. vinnuhópinn. Svandís Skúladóttir og Gunnar Guttormsson á Litla-Bakka í Hróarstungu áttu í mjög góðu samstarfi við starfsmenn safnsins og er þeim þakkað vinnuframlagið. Ennfremur var unnið að margvíslegu samstarfi við Leikskólann Tjarnarland og Menntaskólann á Egilsstöðum og var það samstarf einstaklega ánægjulegt. Ekki má heldur gleyma þáttöku eldri borgara í starfi safnsins, sem er mjög mikilvægt fyrir lifandi starfsemi safnsins.

Safnið hlaut sem fyrr ríkisstyrk, ætlaðan til rekstur safnsins. Þar af voru kr. 1.256.464,- launastyrkur og kr. 248.000,- til uppsetningar sólarfilmu í glugga. Í evrópuverkefnið C.A.P.P fékkst á árinu styrkur að upphæð kr. 1.280.477 úr Menning 2000, menningaráætlunar Evrópusambandsins og var styrkurinn notaður var til ferðalaga, lokafrágangs á Geirstaðakirkju og móttöku vinnuhóps.

LOKAORÐ

Á árinu 2001 var leitast við gera Minjasafn Austurlands sýnilegra - með aukinni samvinnu við skóla á svæðinu, lifandi viðburðum og markvissri kynningarstarfsemi. Góðir hlutir gerast hægt. Ágætis þáttaka í viðburðum safnsins benda þó til þess að safnið hafi hlotið sess í hugum Austfirðinga, enda hefur frá upphafi verið unnið þar metnaðarfullt starf.

Það er þó ljóst að safnið þarf aukið rekstrarfé til að standa undir þeim nútímakröfum sem gerðar eru til safna og er óklárað safnahús þeim sveitarfélögum sem standa að safninu ekki til sóma. Geymslur safnsins eru fyrir löngu orðnar yfirfullar og varla hægt að þverfóta fyrir munum. Á bak við hvern safngrip liggur gríðarleg vinna og vinnur starfsfólk safnsins markvisst, af elju og áhuga að því að búa sem best um hvern og einn safngrip, sem þarf að forverja, hreinsa upp og pússa, skrá inn sögu hans, merkja og pakka inn í sýrufríar umbúðir, áður en hann fer í geymslu safnsins eða á sýningu. Vinna við forvörslu virðist unnin fyrir gíg ef húsnæði safnsins stendur ekki undir núgildandi kröfum. Í framtíðinni verður þó vonandi hægt að ljúka við byggingu safnahússins, til að hægt verði að búa eins vel um safngripi og sýningar safnsins og þörf er á.